



REGLUR UM HÆFISMÖT

1. Markmið

Í reglum þessum er fjallað um verklag bankans við mat á hæfi framkvæmdastjóra, innri endurskoðanda og regluvarðar (hér eftir einu nafni nefndir „leiðtogar“), en eðli máls samkvæmt eru gerðar sérstaklega strangar kröfur til hæfis þeirra sem gegna slíkum ábyrgðarstöðum.

Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna og viðmiðum EBA (EBA/GL/2017/12).

2. Hæfisskilyrði

Leiðtogar skulu uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

- Búa yfir fullnægjandi sérfræðikunnáttu, færni og reynslu til að inna af hendi þau verkefni sem viðkomandi eru falin.
- Búa yfir viðeigandi persónulegum eiginleikum, þ.m.t. að vera heiðarleg og hugsa sjálfstætt.
- Hafa óflekkað mannorð og hafa fjárreiður í lagi.

Starf leiðtoga telst fullt starf og er óheimilt að sinna aukastörfum samhliða þeim, nema með leyfi bankastjóra í samræmi við reglur bankans um þátttöku í atvinnustarfsemi.

Við mat á því hvort umsækjandi uppfylli hæfisskilyrði skal hafa hliðsjón af viðmiðum EBA (EBA/GL/2017/12) og mannauðsstefnu bankans.

3. Mat á hæfi

Mannauður hefur umsjón með mati á hæfi þeirra sem sækjast eftir stöðu leiðtoga, áður en viðkomandi er skipaður. Endanlegt mat á hæfi er í höndum bankastjóra, nema í tilviki innri endurskoðanda, en þá er endanlegt mat í höndum stjórnar.

Eftirfarandi gögn og upplýsingar skulu fylgja umsókn:

- Ferilskrá með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu, nema um sé að ræða núverandi starfsmann bankans.
- Upplýsingar um umsagnaraðila.
- Sakavottorð og upplýsingar sem staðfesta að viðkomandi sé ekki í vanskilum.
- Upplýsingar um hagsmunatengsl.

Umsóknarferlið:

- Mannauður hefur samband við a.m.k. tvo umsagnaraðila.
- Umsækjandi skal undirgangast persónuleikapróf.
- Mannauður tekur viðtal við umsækjanda, ásamt þeim sem leggur endanlegt mat á hæfi.

Mannauður hefur umsjón með móttöku nýrra leiðtoga í samræmi við ferli um móttöku nýliða. Leiðtogi skal fá viðeigandi kynningu á starfsemi bankans innan mánaðar frá því viðkomandi hefur störf, þ.m.t. er varðar rekstur og áhættustýringu.

4. Viðvarandi hæfi

Hæfisskilyrði gilda á meðan aðili gegnir viðkomandi stöðu.

Það er á ábyrgð viðkomandi einstaklings að viðhalda þekkingu sinni með endurmenntun sem nýtist í starfi viðkomandi. Leiðtogar skulu ljúka a.m.k. 20 vinnustundum af endurmenntun ár hvert og skulu skrá endurmenntun sína á starfsmannavefinn. Þá skulu leiðtogar sýna gott fordæmi og ljúka þeim námskeiðum sem starfsfólki ber skylda að taka hverju sinni. Mannauður hefur eftirlit og umsjón með endurmenntunarkröfum.

Verði breytingar sem kunna að hafa áhrif á hæfi viðkomandi, þ.m.t. breytingar á hagsmunatengslum, ber viðkomandi að tilkynna slíkt til bankastjóra án tafar.



Ef einstaklingur uppfyllir ekki viðeigandi hæfisskilyrði skal bæta úr því innan 12 mánaða, þar sem slíkt er unnt, en ella telst viðkomandi vanhæfur til að stinna stöðunni og verður að víkja.

5. Lykilstarfsmenn

Samkvæmt 8. tölul. 1. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki er lykilstarfsmaður skilgreindur sem einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en bankastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

Að mati Arion banka teljast eftirtaldir aðilar ávallt til lykilstarfsmanna:

- Aðstoðarbankastjóri,
- Fjármálastjóri,
- Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs,
- Framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingabankasviðs.

Auk reglna þessara, gilda eftirfarandi sérreglur um lykilstarfsmenn:

- Takmarkanir á fyrirgreiðslum til lykilstarfsmanna og aðila í nánnum tengslum við þá, sbr. reglur nr. 162/2011.
- Reglur stjórnar um viðskipti við bankastjóra og lykilstarfsmenn, sbr. 29. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki.
- Takmarkanir varðandi starfslokasamninga, sbr. 57. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki,
- Í ársreikningi skal tilgreina fjölda lykilstarfsmanna, auk upplýsinga um heildargreiðslur og hlunnindi þeirra, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

6. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar taka gildi við birtingu. Þær skulu endurskoðaðar a.m.k. á þriggja ára fresti.

Reglur þessar skulu birtar á innra neti og heimasíðu bankans.